




Suðurnes Reykjanesskagi

MANNLÍF, NÁTTÚRA OG SAGA / SOCIETY, NATURE AND HISTORY



www.reykjanes.is



Garðskagaviti

Info

Gagnleg vefköng / Useful links

Útgefandi/Publisher: Heimur hf., Borgartún 23, 105 Reykjavík.
 Fyrir/For: Ferðamálasamtök Íslands / The Icelandic Tourism Association.
 Sími/Tel.: (+ 354) 512-7575. Fax: (+354) 561-8646.
 Ritstjóri/Editor: María Guðmundsdóttir.
 Hönnun og umbrot/Design: Erlingur Páll Ingvarsson, Helga Guðný Ásgeirsdóttir.
 Kortagerð/Map: Sigurgeir Skúlason, @Landmælingar Íslands - L04010008.
 Prentun/Printing house: Ísafoldarprentsmiðja, Maí / May 2005.
 Dreifing/Circulation: 30,000.
 Ljósmyndir/Photographs: Páll Stefánsson og aðrir / and others.
 Textahöfundur/Text by: Friðrik Olgeirsson
 Textaþýðingar/Main foreign texts: Lingua / Norðan Jökuls ehf. / www.islingua.is
 Forsíðumynd/On Cover: Víð Gunnuhver

Heimur hf.
 Borgartún 23
 105 Reykjavík
 www.heimur.is/world

Ferðamálasamtök Íslands




- | | |
|--|--|
| Upplýsingar um Ísland
ferdalag.is
Upplýsingar um Reykjanes
reykjanes.is
Flutningsaðilar til Íslands
icelandair.com
icelandexpress.com
smyril-line.com
Flutningsaðilar til Reykjaness
Sbk.is
bluelagoonbus.is
re.is
Bílaleigur
alp.is
avis.is
budget.is
carrentalss.com
eurorent.is
hassokeflavik.is
hertz.is
rascar.com
sgcarrentals.is
Ferðir um Reykjanes
Sbk.is
Re.is
allrahanda.is
teitur.is | Information on Iceland
icetourist.is
Information on Reykjanes
reykjanes.is
Getting to Iceland
icelandair.com
icelandexpress.com
smyril-line.com
Getting to Reykjanes
Sbk.is
bluelagoonbus.is
re.is
Car rentals
alp.is
avis.is
budget.is
carrentalss.com
eurorent.is
hassokeflavik.is
hertz.is
rascar.com
sgcarrentals.is
Trips in Reykjanes
Sbk.is
Re.is
allrahanda.is
teitur.is |
|--|--|

Svæðaskipting landshlutanna / Iceland's regional Tourism Associations.



**Upplýsingamiðstöðvar/
 Tourist Information Centres**
 Upplýsingamiðstöð Reykjaness
 Reykjanes Information Center
 Sími/Tel: 421 6777, reykjanes@reykjanesbaer.is
 Tourist info, Saltfisksetur Íslands
 Sími/Tel: 420-1190, saltfisksetur@saltfisksetur.is
 Tourist Info, Blue lagoon
 Sími/Tel: 421 8800, lagoon@bluelagoon.is
 Tourist Information Centre
 Keflavík Airport
 Sími/Tel: 425 0330 touristinfo@reykjanesbaer.is
 Tourist Info, SBK Reykjanesbær Coaches
 Sími/Tel: 420 6000, sbk@sbk.is
 Tourist Info, The Nature Centre
 Sími/Tel: 423 7551, fraedasetur@fraedasetur.is



Inngangur

Þegar tímar jafnréttis eru runnir upp þá er ekki úr vegi að minna á að fyrsti femínistinn á Íslandi var frá Suðurnesjum. Það var landnámskonan Steinunn gamla sem vildi eiga sig sjálf og þáði því ekki að gjöf landið frá Hvassahrauni til Sandgerðis af frænda sínum Ingólfi Arnarsyni heldur greiddi fyrir með heklum flekkóttri. Annar landnámsmaður á Suðurnesjum var Herjólfur Bárðarson fóstbróðir Ingólfs en hann fékk frá honum land frá Ósabotnum suður á Reykjanestá. Talið er að rústir sem fundust við kirkjuna í Höfnum árið 2003 séu hús Herjólfss sem hann reisti á 9. öld. Herjólfur var afi Bjarna Herjólfssonar þess sem fyrstur Evrópumanna barði Ameríku augum. Frá fornu fari hafa sjósókn og fiskverkun verið höfuðatvinnuvegir Suðurnesjamanna og byggðin og mannlífið mótast af sjónum kynslóð fram af kynslóð. Náttúran á Reykjanesinu býður upp á gróðurvinjar, fagarar strendur, náttúruperlur og hrifandi umhverfi. Við tökum vel á móti ferðamönnum og bjóðum öllum að kynna sögu okkar, menningu og náttúru. Matsölustaðir og veitingahús gjóða bæði innlenda og erlenda rétti úr íslensku úrvals hráefni og gistihúsin eru af þeim gæðaflokki sem hver vill hafa. Vertu velkomin.
Kristján Pálsson formaður Ferðamálasamtaka Suðurnesja

Note of Introduction

In times of gender equality, it is interesting that the first Icelandic feminist was a resident of Suðurnes. Named Steinunn, she was also the area's first female settler, and was unwilling to accept a gift of land from her relative Ingólfur Arnarson, Iceland's first settler, instead paying him for the land with a woollen garment. Another Suðurnes settler was Herjólfur Bárðarson, a blood brother of the above-mentioned Ingólfur. Ruins found at Hafnir in 2003 are thought to have been the house of Herjólfur, who was also grandfather to Bjarni Herjólfsson, the first European to see America. Ever since ancient times, the main sources of livelihood in Suðurnes have remained fishing and fish processing. As for peninsula nature, it is impressive and varied. We are eager to receive travellers and cordially invite everyone to become acquainted with our history, culture and nature. Our cafes and restaurants offer both native and foreign dishes made from top-quality Icelandic produce, while accommodation is available at any standard people wish. Please feel welcome!
Kristján Pálsson, President, Suðurnes Association for Tourism

Náttúran og gönguleiðir

Náttúran er einstök. Nakin eldhraun í bland við gróðurvinjar, fuglabjörg, sandfjörur og ólgandi brim eru ferðamönnum áskorun um útivist. Hverasvæðin eru meðal öflugustu jarðhitasvæða landsins. Eldvörpin eru um tíu km löng gígaröð með jarðhita. Suður af Hafnarbergi eru skil Ameríku og Evrópu þar sem jarðflekarnir mætast. Fuglalíf er fjölbreytt. Stærstu fuglabýggðirnar eru í Hafnarbergi, Krýsuvíkurbergi og Eldey. Við Vogastapa og Hólmsberg eru brattar og brimasamar fjörur en sandfjörur eru m.a. í Sandvíkum og við Garðskagavita. Tilvalið er að bregða sér í göngutúr. Frá Keili er útsýni stórfenglegt, forn gönguleið liggur frá Vogum yfir Stapann til Njarðvíkur og önnur til Grindavíkur. Vinsælar gönguleiðir til fuglaskoðunar eru frá Garðskaga suður í Sandgerði, um Stafnes til Hafna. Og á Berginu í Keflavík hefur verið gerð skemmtileg gönguleið meðfram sjónum.

Nature and Walking Routes

Suðurnes nature is one of a kind: barren lava and lush vegetation, seabirds in the cliffs, and varying shores. Hot springs are prominent, and the Eldvörp craters are also geothermally active. One easily sees south of Hafnarberg where plates of the earth's crust divide, while large populations of seabirds inhabit Hafnarberg, Krýsuvíkurborg and Eldey. At Vogastapi and Hólmsberg, breakers beat the steep coast, whereas sandy beaches are found at Sandvíkur and by the Garðskagi lighthouse. Walking options include Keilir peak with its fabulous view, and ancient trails leading from Vogar to Njarðvík and Grindavík. For bird watchers, routes lead from Garðskagi to Sandgerði and via Stafnes to Hafnir. Bergið, in Keflavík, has a pleasant coastal trail.



Stekkjakot



Hvalsneskirkja



Saltfisksetrið



Kirkjurnar, söfnin og fornminjar

Saga kynslóðanna er heillandi. Tilvalið er að skoða fornminjar, söfn og gamlar kirkjur sem ilma af fortíðinni. Á Hafurbjarnarstöðum fannst konukumbl. Á Stóra-Hólmi var ein elsta verstöð landsins og Skagagarður er forn garðhleðsla. Stafnes var fjölmenn-ur útgerðarstaður og að Básendum var rekin einokunarverslun til 1799. Á skerri utan friðlýstra bæjarrústanna eru festarboltar sem kaupskipin voru bundin við. Í Þórshöfn var verslunarstaður Þjóðverja. Á Selatöngum eru forn fiskbyrgi. Á Reykjanesi eru fimm kirkjur frá 19. öld sem geyma gamla muni og sögu. Ógleymanlegt er að skoða Hvalsneskirkju þar sem séra Hallgrímur Pétursson þjónaði. Síðan er upplagt að koma við á einhverju safnanna. Í Garði er byggðasafn. Duushús er í Reykjanesbæ. Saltfisksetur er í Grindavík en Fræðasetrið í Sandgerði tengir saman umhverfi, náttúru og sögu. Þá eru í flestum bæjarfélögum lista- og handverksstaðir sem fróðlegt er að heimsækja.

Churches, Museums and Archaeological Remains

Local history is intriguing, including a woman's burial mound from heathen times that was discovered at Hafurbjarnarstaðir, the Stóri-Hólmur fishing station that was one of the first in Iceland, and the ancient Skagagarður dry-stone wall. There used to be a busy fishing post at Stafnes, and the area's legal trading monopoly was conducted at Básendar until 1799. The Germans had a trading post at Þórshöfn, and old storage structures for fish can still be seen at Selatangar. Retaining their artefacts and history, five Reykjanes churches stem from the 19th century. Garður has a folk museum, and Reykjanesbær offers the Suðurnes Folk Museum. Grindavík is home to the Icelandic Saltfish Museum, and at Sandgerði, the Nature Centre illustrates the interconnections of nature and history. In addition, most towns have arts or crafts centres which it is informative to visit.



Svartsengi

Virkjun orku ▼

Á Reykjanesi eru mikil jarðhitasvæði og er Reykjanesvirkjun sem nú er í byggingu til vitnis um hve Íslendingar standa framarlega í virkjun jarðvarma. Hitaveita Suðurnesja virkjar heitan jarðsjó í Svartsengi til húshitunar fyrir allt Reykjanes auk þess sem hún virkjar gufu á öðrum stöðum á nesinu og framleiðir rafmagn í gufuhverflum. Í Eldborg, sem staðsett er við virkjunina í Svartsengi, er Gjáin sem er upplýsingamiðstöð um jarðfræði Íslands. Þar er jarðfræði Íslands, framleiðsluferli rafmagns og hitaveituvatns kynnt á lifandi og skemmtilegan máta.

Harnessing Energy ▼

The Reykjanes peninsula has major geothermal fields, with the large Reykjanes Power Plant, now under construction, providing evidence of how progressive Icelanders are in exploiting geothermal energy. At Svartsengi, Suðurnes Regional Heating utilises the geothermal seawater under the ground to provide heating for housing around the peninsula, besides bringing steam from other peninsula sites to generate electricity through steam turbines. Right by the Svartsengi plant, at Eldborg, The Rift provides an information centre on Icelandic geology and the processes of producing electricity and hot water, introduced in an exciting, enjoyable manner.



Jarðhitasvæði/Geothermal fields



Bláa Lónið - heilsulind

Heilsulindin er vel þekkt víðs vegar um heiminn og hefur meðal annars fengið verðlaun fyrir að vera besta náttúrulega heilsulind heims, einn af tíu ótrúlegustu baðstöðum heims og ein af 25 bestu heilsulindum í heimi. Það er einstök upplifun að slaka á í hlýju lóninu (37 – 39°C) á meðan virku efni BLUE LAGOON jarðsjávarins, steinefni, kísill og þörungar, leika um húðina. Eimböð, sauna og foss sem tilvalið er að bregða sér undir er meðal þess sem býður gesta heilsulindar. Úrval spa- og nuddmeðferða er í boði. Að lokinni slökun og endurnæringu er tilvalið að njóta veitinga í einstöku umhverfi.

Blue Lagoon, Health Spa

Well-known throughout the world, the Blue Lagoon geothermal spa has received many awards, for example as being the world's best natural medical and thermal spa, one of the ten most incredible bathing spots internationally, and one of the globe's 25 best health spas. To feel the active substances in the geothermal seawater play on one's skin – minerals, silicon and algae – is a unique experience when combined with relaxing in the warm lagoon (37-39° C). Steam baths, a sauna and a waterfall that guests can go under are among the options awaiting those who enter the spa. An assortment of spa and massage treatments is offered, and upon feeling fully relaxed and regenerated, a perfect ending is to enjoy meals and drinks in this one-of-a-kind setting.

Energize at
BLUE LAGOON
– Geothermal Spa

In-water spa treatments
and massage



A Day to Remember

A visit to BLUE LAGOON – Geothermal Spa is energizing for both body and mind. In addition to enjoying the lagoon's warm geothermal seawater, the following BLUE LAGOON – Geothermal Spa options await you: silica mud mask, steam baths, sauna, waterfall, in-water spa treatments and massage.

FA HÚSID / SÍA



HÖNNUR: BEIÐSTOFANLIS

 LYKILL AÐ
LÍFSGÆÐUM!

Í Sandgerðisbæ finnurðu lykil að lífsgæðum!

Í Sandgerðisbæ er Fræðsaetur sem tengir saman mann og náttúru, Púlsinn ævintýrahús, Ný-vídd listagalleri, Jökulljós Kertasmíðja, Sumarhús við sjávarsíðuna, golfvöllur, sundlaug, veitingastaðir, líflæg höfn, fjölbreitt fuglalíf og margt fleira.

Verið velkomin í Sandgerðisbæ!

www.sandgerdi.is



SANDGERÐISBÆR
INNAN SEILINGAR 

LIFE IS SALTFISH...

THE HISTORY OF SALTFISH IS PRESENTED IN A
MAGNIFICENT 650 M² SPECIALLY DESIGNED FACILITY.

OPEN:
EVERY DAY FROM
11:00 TO 18:00

ADMISSION:
ISK 500 FOR ADULTS
ISK 250 FOR CHILDREN



THE ICELANDIC SALTFISHMUSEUM IN GRINDAVÍK
HAFNARGATA 12A - 240 GRINDAVÍK - ICELAND
TEL: 420 1190 - WWW.SALTFISKSETUR.IS


GRINDAVÍK

Staying overnight in order to enjoy a couple of visits to the **Blue Lagoon** is advised, and the nearby fishing community of Grindavík, on the south side of the Reykjanes peninsula, is worth a visit. This is a pleasant area to do some hiking (for all levels), followed by a refreshing swim at the local pool.

Settled in the year 934, it has remained one of the main sources of **salted fish** in Iceland, and these days, has approximately 2500 inhabitants, most of whom base their livelihoods on fishing and fishing-related industries. Grindavík's illustrious history goes back to when it was a major trading centre during the Middle Ages in the booming Hanseatic period. It was raided by pirates many times and has been the site of many shipwrecks over the ages. There is a statue dedicated to the families of local fishermen lost at sea, but even more poignant are the remains of two more recent shipwrecks and their memorials along a circular hike around the town.

There is still an active fishing fleet and most of their catches go to the local factory that specialises in processing the salted fish for export. In the late 19th century, salted fish was to Iceland what oil is to Saudi Arabia, and indeed, the image of a golden cod was on Iceland's original coat of arms. As you stroll one of the best harbours in Iceland, you will arrive at the **Saltfisksetur Íslands (Icelandic Saltfish Museum)**, Hafnagata 12a, (Open daily 11-18 adm), where you can learn more about the industry that is an important element in Iceland's economic development, if not prosperity. The Museum opened in 2002 and is dedicated to the history of the salt fish, with a vividly depicted exhibition on the struggle for survival, which is a metaphor for the country as well as the salt fish industry.

Tourist Information
Saltfisksetur Íslands in Grindavík
(within the Salt Fish Museum)
tel: 420 1190
www.saltfisksetur.is



GÓÐUR BÆR....



GRINDAVÍK



Möguleikar til útivistar og afþreyingar eru ótalmargir. Hafið út af Reykjanesi er eitt besta svæðið hér við land til hvalaskoðunar. Skip fer daglega á sumrin og haustin í hvalaskoðunarferðir út á dimmbláan sjóinn og leitar uppi hvali. Hvað er stórfenglegra en að sjá þessi tignarlegu dýr koma upp til að anda. Einnig er hægt að fara í sjóstangaveiði og skemmtisiglingu. Þetta eru öllum ógleymanlegar ævintýraferðir. Fjórir góðir golfvöllir eru á Reykjanesi en þeir sem gefnir eru fyrir hraða og spennu heimsækja Go-Kart brautina í Njarðvík þar sem brunað er á litlum bílum á öruggri braut. Hægt er að skipuleggja keppni fyrir hópa. Tilvalið að reyna hæfileikana til kappaksturs við öruggar aðstæður.

◀ Hvalaskoðun, golf og Go-Kart



Whale Watching, Golf and Motorised Go-Carts ▶

The possibilities for entertainment and outdoor recreation are countless, with the ocean off the peninsula being one of Iceland's best locations for spotting whales. In the summer and autumn, a ship departs daily to observe them; what could be more spectacular than these majestic animals? Other possibilities are sea angling and pleasure boating. Four good golf courses are located in Reykjanes; on the other hand, those inclined to speed and excitement might visit the go-kart track in Njarðvík, where the powered carts zip along a safe track. Races can be arranged for groups – an excellent chance to try one's racing skills in secure surroundings.

THE TOWN OF REYKJANES

reykjanesbaer.is

FIRST AND LAST



MARITIME MUSEUM



MUSEUM OF HERITAGE



ART MUSEUM

Museums - Turf and stone cottage - Blue lagoon
Bridge between two continents - Geothermal springs
Small boat harbour - Swimming - Golf - Hiking trails
Bird watching - Whale watching - Sea Angling



WHALE WATCHING

SWIMMING POOLS



Home of the vikingship Icelander that sailed to America in the year 2000 to celebrate the millennium of Leif Eiriksson's journey to the New World.

Only few minutes away from the international airport



Reykjanes Tourist Information Center
Hafnargata 57 230 Reykjanesbær
Tel: 421 6777
Open: Mon. - Fri. 10:00 - 19:00.
Sat. 10:00 - 16:00.
reykjanes@reykjanesbaer.is

Framvörður íslenskrar náttúru!




Garðskagi

náttúruperla á Suðurnesjum



Garðskagi er mjög vinsæll staður meðal ferðamanna. Þar er næst elsti viti landsins byggður árið 1897. Árið 1944 var síðan nýr viti byggður sem leysti þann gamla af hólmi. Vitarnir hafa verið opnir fyrir ferðafólk undanfarin ár, við miklar vinsældir, því þar er útsýni mjög gott í allar áttir. Út af Garðskaga liggur mikið rif sem heitir Garðskagaflös. Flösin reyndist mörgum sjófarendum hér á árum áður mjög varasöm og strönduðu á henni mörg skip. Frá árinu 1903-1988 eru skráð á milli 30-40 skip sem strönduðu þar.



Fuglalífið og fjaran eru mjög fjölbreytt, brimið mikilfenglegt og er mjög vinsælt að ganga út að gamla vitanum síðsumars og fylgjast með sólarlaginu og taka myndir, en gamli vitinn hefur verið vinsælt myndefni, bæði ljósmyndara og listmálara, í gegnum tíðina.

Tjaldsvæði eru góð á skaganum með salemum og hreinlætisaðstöðu, sem stöðugt er verið að bæta.

Byggðasafnið er staðsett við Garðskagavita. Safnið var fyrst opnað almenningi 26. nóvember árið 1995 og er opið alla daga frá 1. apríl til 31. október og á öðrum tímum eftir samkomulagi.

Safnið hefur til sýnis ýmsa muni sem tengjast búskaparháttum til sjós og lands, elstu munirnir eru orðnir yfir eitt hundrað ára gamlir. Nokkrir bátar eru á safninu, sá elsti frá 1879, einnig trilla frá 1932, með upprunalegu vélinni og áttæringur frá 1913.

Einstakt vélasafn er til sýnis og eru vélarnar sextiu talsins. Þær eru allar uppgerðar af Guðna Ingimundarsyni í Garði og eru flest allar gangfærar. Vélarnar eru af ýmsum gerðum, flestar litlar bátavélar. Er sú elsta frá árinu 1920. Ein gufuvél er á safninu.

Haustið 2004 var safnið stækkað um 700m². Á efri hæð er veitingasalur sem tekur 50 manns í sæti, þar er mjög gott útsýni yfir Faxaflóann og að Snæfellsjökli, þar sem sólarlagið er einstakt á Garðskaga.

Í júlí 2005 mun safnið opna aftur eftir miklar endurbætur og verður opið frá kl. 13:00 - 18:00. Hópar geta pantað leiðsögn með safnverði. Nánari upplýsingar í síma 422-7220 eða 894-2135.



BYGGÐARSAFNIÐ
Á GARÐSKAGA

Vefsvæði: www.sv-gardur.is • Póstur: gardskagi@simnet.is • Sími 422-7220 & 894-2135



Byggðirnar og mannlífið

Fyrrum var blómleg byggð á Vatnsleysuströnd, bændabýli og útræði. Töluverð byggð var á Leirunni en nú er þar einn besti golfvöllur landsins. Hafnir anga af sögu liðins tíma og Stekkjarkot, gömul endurbyggð þurrabúð, er minnisvarði um gamla búskaparhætti. Í sveitarfélögunum fimm: Grindavík, Vogum, Reykjanesbæ, Garði og Sandgerði byggist afkoman sem fyrr á sjávarútvegi en í Reykjanesbæ skiptir þjónusta og upplýsingatækni líka miklu máli. Mannlífið er fjölbreytt og blómlegt. Á Suðurnesjum er fjöldi kaffihúsa og veitingastaða og glæsileg hótél. Sjóarinn síkati í Grindavík er vinsæl sjómanna- og fjölskylduhátíð á sjómanna daginn. Sandgerðisdagar eru í ágúst og með Ljósanóttinni í Reykjanesbæ í september kveðja Suðurnesjamenn sumarið.

Communities and Society

Once a community flourished along Vatnsleysuströnd, and Leiran had many houses, where now one of Iceland's best golf courses is situated. Hafnir exudes past history, for instance in the reconstructed seaman's house Stekkjarkot. In every municipality, fishing remains the basis of livelihood, although in Reykjanesbær services and information technology also play an important role. Keflavík and Njarðvík have a number of coffee shops and restaurants, in addition to fine hotels. Popular festivals for the whole family, including travellers, are the traditional springtime Icelandic Sailors' Day at Grindavík, Sandgerði Days in August, and the Night of Lights at Reykjanesbær in September, when the inhabitants say goodbye to summer.



Íslendingur



Reykjavik



Snæfellsnes

Víkingaskipið - víkingasetur


Norrænir menn námu Ísland á ofanverðri 9. öld. Hingað komu þeir á knörrum og hraðskreiðum víkingaskipum. Árið 1996 smíðaði Gunnar Marel Eggertsson víkingaskipið Íslendingur sem er nákvæm eftirlíking Gaukstaðaskipsins sem var smíðað í Noregi um 870 og fannst árið 1882. Íslendingur er 23m á lengd, 5,25m á breidd og mælist 80 brúttó-tonn. Hann er miðlungsstórt víkingaskip og á slíkum skipum voru 70 manns í áhöfn. Gunnar sigldi Íslendingi til Ameríku og heim aftur árið 2000 til að minnast 1000 ára afmælis siglinga og landafunda Íslendinga í Ameríku. Reyknesingar vilja halda afrekum forfedranna á lofti. Eftir heimkomuna keypti Reykjanesbær skipið. Nú er verið að vinna að því að koma því fyrir til frambúðar á glæsilegu víkingasetri.

Viking ship - Viking Centre

Nordic peoples settled Iceland in the late 9th century, arriving on ships that included fast-moving Viking vessels. In 1996, Gunnar Marel Eggertsson constructed a Viking ship called the Icelander, an exact replica of a boat that was built in Norway around 870 and found again at Gaukstad in 1882. An average-sized Viking vessel, which in those times would have carried a crew of 70, the Icelander is 23 m long, 5.25 m wide and weighs 80 gross tonnes. To commemorate the thousandth anniversary of his countrymen navigating to and discovering North America, Gunnar Eggertsson travelled on the Icelander to that continent and back again in 2000. The residents of Reykjanes wish to maintain awareness of what their ancestors have achieved, so that after the ship returned, Reykjanesbær bought it, and work is now proceeding to preserve it at an impressive Viking centre.



Mýrdalsjökull



SÖFN - MUSEUMS

**1 Fræðasetrið í Sandgerði/
The Nature Centre**
Sími/Tel.: 423 7551
fsetur@ismennt.is
www.sandgerdi.is

2 Duushús / Cultural Center
www.reykjanesbaer.is/listasafn

**3 Listasafn Reykjanesbæjar/
Reykjanes Art Museum**
Sími/Tel.: 421 3796
listasafn@reykjanesbaer.is

**4 Bátasafn Gríms Karlssonar/
Reykjanes Maritime Museum,
Boat models**
Sími/Tel.: 421 3796 / 421 6700

**Byggðasafn Suðurnesja Keflavík/
Museum of Heritage**
Sími/Tel.: 421 6700

**5 Byggðasafnið Garðskaga
Historical Museum**
Sími/Tel.: 422 7220
gardskagi@simnet.is
www.gardur-sv.is

6 Grindavík Saltfisksetur Íslands
Hafnargata 12a.
saltfisksetur@saltfisksetur.is
Oskar @saltfisksetur.is
Sími/Tel.: 660 7303
www.saltfisksetur.is

Gjáin / The Rift,
Eldborg Svartsengi
Grindavík
Sími/Tel.: 4208800/4208806
bluelagoon@bluelagoon.is
www.bluelagoon.is



